

Upplýsingar um túlka og túlkun

Þessar upplýsingar eru fyrst og fremst fyrir þig sem sérð um stöðumatsviðtöl og einnig fyrir þann sem túlkar.

Túlkað viðtal – sérstakt samskiptaform

Að tala saman í gegnum þriðja aðila getur verið vandasamt fyrir marga. Til þess að viðtalið virki þurfa þátttakendur að undirbúa samtalið. Í öllum túlkuðum viðtölum gilda ákveðnar túlkavenjur.¹ Það þýðir að túlkurinn:

- 1) komi fram öllum upplýsingum eins nákvæmlega og mögulegt er
- 2) meðhöndli upplýsingarnar sem trúnaðarmál
- 3) sé hlutlaus gagnvart því sem sagt er og þeim sem taka þátt
- 4) komi því sem hlutaðeigendur segja á framfæri í fyrstu persónu

Þú sem leiðir viðtalið þarft að hafa í huga:

- að upplýsa túlkinn um markmið Stöðumatsins og efni þess með góðum fyrirvara
- að kynna túlkinn fyrir nemanda og láta túlkinn kynna sig og hlutverk sitt
- að sjá til þess að túlkur og nemandi skilji hvor annan og segja frá því hvernig viðtalið muni ganga fyrir sig
- að sjá til þess að nemandinn, túlkurinn og þú sitjið þannig að viðtalið gangi vel fyrir sig, helst í þríhyrning
- að snúa þér beint að nemandanum eins og þú hefðir gert í viðtali án túlks og tala ekki um nemandann við túlkinn
- að athuga sjálf(ur) að nemandinn skilji um hvað spurningarnar snúast en láta túlkinn ekki um það
- að aðlaga málhæðann að aldri nemanda og túlkunarhæfileikum túlksins
- að tala skýrt og í stuttum setningum en ekki í stikkorðum og getgátum
- að spyrja einnar spurningar í einu

Þú sem túlkar þarft að hafa í huga:

- að leita upplýsinga um verkefnið og lesa í gegnum Stöðumatið, ásamt kennsluleiðbeiningunum
- að búa til gátlista með aðalatriðum
- að túlka í fyrstu persónu fyrir báða aðila. Það styrkir þá tilfinningu að um samtal sé að ræða
- að láta vita ef einhver talar of hratt eða ef þú skilur ekki eitthvað
- ef þú þarft að biðja um nánari skýringu, láttu þá þriðja aðilann vita um hvað þú ert að spyrja
- farðu ekki í langar samræður á einu tungumáli við annan aðilann, það getur verið óþægilegt fyrir þriðja aðilann
- undirbúðu þig með orðalista/orðabók og leitaðu þýðinga á því sem þú ert óörugg(ur) með

Það sem hafa þarf í huga þegar túlkur er pantaður

Túlkabjónustu þarf að panta. Þegar þú pantar túlk þarf að hafa í huga að hæfni túlka er mismunandi. Sem kaupandi getur þú farið fram á að túlkurinn hafi ákveðna hæfni. Ef túlkabjónustan getur ekki ábyrgst þá hæfni getur þú leitað annað.

¹ www.kammarkollegiet.se/sites/default/files/God%20tolksed.pdf

Til að vera viss um að fá réttan túlk þarft þú að hafa þrennt í huga; löggildingu, menntun og tungumálaþekkingu.

Löggiltur túlkur er lögverndað starfsheiti. Löggilding tryggir ákveðna grunnþekkingu í tungumálum í íslensku og á öðru tungumáli ásamt þekkingu í túlkatækni og túlkunartíma. Löggildingu fær bara sá sem uppfyllir tilskildar kröfur. Til er túlkamenntun á Íslandi.

Sum af algengustu tungumálunum hjá nemendum af erlendum uppruna á Íslandi eru töluð í mörgum löndum þar sem þau hafa þróast á mismunandi hátt og fólk á mislétt með að skilja hvert annað. Sem dæmi má nefna arabísku, kúrdísku, bosnísku, króatísku og spænsku. Þess vegna er mikilvægt að þú athugir hvaða mállýsku nemandinn talar og gangir úr skugga um að túlkurinn kunni hana.

Fjöltyngt starfsfólk eða starfandi túlkur

Ef einhver sem framkvæmir Stöðumatið þekkir ekki tilganginn með því er hætta á að niðurstaðan verði misvísandi. Það sama getur gerst ef einhver túlkar án þess að hafa næga tungumálaþekkingu. Það er algengur misskilningur að sá sem talar tvö eða fleiri tungumál geti sjálfkrafa túlkað. Ef túlkurinn hefur ekki færni til að túlka er hætta á að spurningar og svör séu misskilin, vitlaust þýdd eða alls ekki þýdd. Einnig er algengt að nemandinn fái hjálp við að svara á ákveðinn hátt og sá sem túlkar freistast til að svara eins og hann heldur að sé rétt þrátt fyrir að nemandinn hafi sagt annað. Það er einnig miklu erfiðara að muna og þýða langorðað og óöruggt svar en það sem er stutt og hnitmiðað.

Túlkun getur farið fram bæði með túlkinn á staðnum og túlkinn í fjarfundarbúnaði. Ef fjartúlkun er valin, gakktu þá úr skugga um að hljóðgæðin séu í lagi og tæknin virki. Segðu túlkinum hverjir taka þátt í viðtalinu og hvað gerist þegar hlé er gert á því, t.d. þegar nemandinn horfir á mynd.

Kostur þess að starfsmaður skóla framkvæmi túlkunina er að hann er innan skólans og hefur kannski þegar tengst nemandanum á ákveðinn hátt. Það getur einnig verið að starfsmaðurinn hafi reynslu og jafnvel menntun í túlkun. Ef skólinn velur slíka lausn er við hæfi að sá sem túlkar í upphafi skýri stöðu sína í viðtalinu og stöðu sína í áframhaldandi kennslu.

Nemandi getur þurft stuðning til þess að líða vel í aðstæðunum. Eins og í venjulegum viðtölum gæti stjórnandinn byrjað með almennu spjalli með hjálp túlksins. Sá sem túlkar getur auðvitað stutt nemandann beint og það getur hjálpað til við jákvæða stemmingu. En hafðu í huga að ef það gerist án þess að túlkað sé á báða bóga getur það gert nemandann óöruggan gagnvart stöðu túlksins. Mikilvægt er að nemandinn svari spurningum Stöðumatsins sjálfstætt og hann snúi sér beint til stjórnandans, ekki til túlksins.